

Fimmtudaginn 5. mars 1998.

Nr. 299/1997.

Bjarni Hákonarson

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Ábyrgðasjóði launa

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Vinnusamningur. Ábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 692.734 krónur með nánar tilgreindum vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1991 til 30. september 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði einungis gert að greiða 371.712 krónur með vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1991 til 3. október 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í því tilviki krefst hann þess jafnframt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum flutningi í héraði 3. mars 1997. Dómur var þar kveðinn upp 15. apríl sama árs, eftir að lögmenn lýstu yfir, að þeir teldu ekki þörf á flutningi málsins að nýju, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, rituðu fyrrum stjórnarformaður Flugfax hf. og annar stjórnarmaður bústjóra í þrotabúi félagsins bréf 21. mars 1992, en bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta 13. febrúar sama árs. Segir þar meðal annars, að nýr framkvæmdastjóri félagsins, áfrýjandi þessa máls, hafi hafið störf fyrir það í apríl 1991, en hætt í september sama árs. Orðalag þetta verður ekki skilið

öðruvísi en svo, að átt sé við, að áfrýjandi hafi verið framkvæmdastjóri félagsins á þessum tíma. Yfirlýsing annars stjórnarmannsins, sem gefin var í bréfi 30. október 1995 og beint var „til þeirra, sem málið varðar“, fer í bága við þessa frásögn. Áfrýjandi hefur ekki aflað fyrir dómi skýrslna stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins, sem hefðu getað borið um stöðu hans þar. Jafnframt verður að líta til þess, að í skýrslu áfrýjanda fyrir héraðsdómi kom fram, að skriflegur samningur hefði verið gerður, er hann réðst til starfa hjá félaginu um mánaðamót mars og apríl 1991. Þennan samning hefur hann hins vegar ekki lagt fram í málinu. Að öllu þessu virtu verður lagt til grundvallar dómi, að fyrrgreind skýrsla 21. mars 1992 sé rétt, að því er varðar stöðu áfrýjanda hjá félaginu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bjarni Hákonarson, greiði stefnda, Ábyrgðasjóði launa, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Bjarna Hákonarsyni, Nýja-Lundi við Nýbýlaveg, Kópavogi, kt. 060454-7019, á hendur Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota, kt. 450193-2759, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. september 1996.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 692.734 kr., með vöxtum skv. 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1991 til 30. september 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla þeirra laga frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að stefnukröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá er gerð krafa um það, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Félagsmálaráðherra var einnig stefnt í málinu vegna Ábyrgðasjóðs launa, en fallið var frá málsókn á hendur honum undir rekstri málsins.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði skiptaráðandans í Keflavík, upp kveðnum 13. febrúar 1992, var flutningafyrirtækið Flugfax hf., kt. 470289-1399, tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfu stefnanda um ógreidd laun og ógreitt orlof auk dráttarvaxta var lýst í þrotabúið, og var hún samþykkt sem forgangskrafa af skiptastjóra búsins, samtals að fjárhæð 1.070.517 kr. Með bréfi, dags. 5. ágúst 1992, fór stefnandi þess á leit, að stefndi greiddi kröfu sína á hendur þrotabúinu. Þeirri kröfu hafnaði stefndi með bréfi, dags. 30. september s. á., með vísan til c-liðar 6. gr. laga nr. 52/1992 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Vísað var til umsagnar bústjóra þrotabúsins, dags. 31. ágúst 1992, þar sem segir, að stefnandi hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri hins gjaldþrota félags í apríl 1991. Stefnandi kærði ákvörðun stefnda um höfnun greiðslu með bréfi, dags. 7. nóvember 1995, til félagsmálaráðherra og krafðist þess, að hún yrði felld úr gildi og krafan greidd úr sjóðnum. Þeirri kröfu stefnanda vísaði félagsmálaráðuneytið frá með úrskurði, upp kveðnum 11. mars 1996, með þeim rökum, að ákvörðun stefnda hefði ekki verið kærð til félagsmálaráðuneytisins, fyrr en liðið hefði verið nokkuð á fjórða ár, frá því að stefndi tók ákvörðun um að hafna kröfu um greiðslu.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til úrlausnar um launakröfu sína.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi skírskotar til þess, að krafa sín hafi verið samþykkt sem forgangskrafa í þrotabúið og hefði að mati sínu átt að koma til greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa skv. 5. gr. laga nr. 52/1992, sbr. 2. mgr. 19. gr. laganna. Telur hann, að ákvörðun stefnda um að hafna kröfunni hafi verið ólögmæt. Hann eigi lögvarinn rétt til greiðslu kröfunnar á grundvelli ákvæða laga nr. 52/1992 svo og á grundvelli almennu skaðabótareglunnar, enda hafi höfnun kröfunnar verið ólögmæt og saknæm.

Höfnun kröfunnar sé studd með þeirri staðhæfingu, að stefnandi hafi verið framkvæmdastjóri félagsins. Þessa staðhæfingu telur stefnandi ranga. Eins og fram komi í kærú hans til ráðherra frá því í nóvember 1995, hafi hann aldrei tekið við starfi framkvæmdastjóra, enda þótt slíkt hafi staðið til. Séu fullyrðingar stefnanda í þessu efni studdar vætti fyrrum stjórnarformanns og stjórnarmanns í félaginu. Mestu varði þó, að stefnandi hafi hvorki verið skráður sem framkvæmdastjóri né prókúruhafi hjá Hlutfélagskrá og því aldrei haft þær heimildir, sem fylgja stöðu framkvæmdastjóra; hann hafði t. d. ekki aðgang að bókhaldi, eins og fram kemur í fyrirliggi-

andi vottorðum. Samkvæmt hlutafélagalögum beri að tilkynna um ráðningu framkvæmdastjóra, sbr. 3. tl. 146. gr. og 2. mgr. 147. gr. laga nr. 32/1978, er giltu á þessum tíma. Geti sú staðreynd, að ekki hafi verið tilkynnt um ætlaða ráðningu stefnanda sem framkvæmdastjóra til Hlutafélagaskrár, varla orðið túlkuð á annan veg en þann, að ekki hafi í raun verið um slíka ráðningu að teffa, en hafi svo verið, geti ráðningin ekki talist marktæk, sbr. dóm Hæstaréttar 1995, 2328.

Þá sé á það bent, að stefnanda hafi átt að vera kunnugt um bága fjárhagsstöðu félagsins og að vilyrði stjórnvalda um styrk til handa félaginu hafi vakið þá trú forráðamanna þess, að félagið myndi geta komist yfir þá fjárhagsörðugleika, sem að því stöðjuðu. Í lánsfjárlögum 1991 hafi verið gert ráð fyrir auknum útgjöldum í A-hluta fjárlaga vegna fjárveitinga (styrks) til fraktflutninga, sem til hafi komið vegna umsóknar Flugfax hf. Með bréfi, dags. 31. júlí 1991, hafi félaginu verið tilkynnt, að ekki yrði lagt fé til félagsins. Augljóst sé, að tilefni þessa bréfs hljóti að vera það, að vilyrði hafi verið gefin af hálfu stjórnvalda um fjárframlög. Forráðamenn Flugfax hf. höfðu ekki ástæðu til að ætla, að til gjaldþrots félagsins þyrfti að koma fyrr en í fyrsta lagi eftir viðtöku nefnds bréfs, en eftir að umrætt bréf hafði borist félaginu, muni starfsmönnum þess hafa verið sagt upp störfum, þ. e. í ágúst 1991 miðað við 1. september 1991, með eins mánaðar fyrirvara. Hafi störfum stefnanda og annarra starfsmanna félagsins því lokið 30. september 1991. Samkvæmt framansögðu er við það miðað, að stefnandi hafi ekki verið framkvæmdastjóri félagsins og ekki haft eða mátt hafa þá yfirsýn, sem átt sé við í c-lið 6. gr. laga nr. 52/1992, svo og því, að jafnvel forsvarsmenn fyrirtækisins hafi verið í góðri trú um, að gjaldþroti yrði afstýrt.

Vegna þess, sem fram kemur í umsögn stefnda, dags. 18. desember 1995, um kæru stefnanda, er eftirfarandi tekið fram:

Engir sérstakir frestir séu ákveðnir í lögum nr. 52/1992 til þess að gera athugasemdir við höfnun kröfu Ábyrgðasjóðs launa. Aðeins sé í lögnum tiltekinn frestur til að lýsa kröfum til sjóðsins skv. 9. og 12. gr. laganna svo og sá frestur, sem sjóðurinn hafi til að afgreiða mál, sbr. 14. gr. Af þessum frestreglum megi gagnálykta á þann veg, að enginn sérstakur frestur sé til að gera athugasemdir við afgreiðslu sjóðsins, og gildi því almennar fyrningareglur. Þar sem krafa stefnanda hafi verið samþykkt í þrotabúið, hafi fyrningu hennar verið slitið og nýr fyrningarfrestur hafist við skiptalok, sbr. 2. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Ætla verði, að ábyrgð sjóðsins á kröfunni haldi gildi sínu, meðan krafan sjálf telst ófyrnd. Raunar telur stefnandi fyrningu ekki koma til álita, þar eð fyrningartími sé hér tíu ár.

Eins og að framan er getið, kvaðst stefnandi hafa gert athugasemdir við

synjun sjóðsins við starfsmann hans, en engar undirtektir hlotið. Er því einnig til þess vísað, að athugasemdir hafi verið settar fram, þyki það skipta máli.

Í umsögn stefnda, dags. 18. desember 1995, sé ákvörðun stefnda sögð hafa verið grundvölluð á c-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1993. Þetta sé ekki alls kostar rétt, því að á þessum tíma hafi gilt ákvæði laga nr. 52/1992 um Ábyrgðasjóð launa. Sá meginmunur sé á ákvæðum nefndra laga, að skv. lögum nr. 52/1992 hafi það verið á valdi ráðherra að ákveða greiðslur úr sjóðnum eða synjun þeirra, sbr. 14. gr. laganna. Samkvæmt þessu hafi ekki mátt gera ráð fyrir, að ákvarðanir í þessu efni gætu sætt kærur á stjórnýslustigi, þar eð ákvörðun ráðherra verði væntanlega ekki kærð til æðra stjórnvalds. Hins vegar hafi verið í 2. mgr. 14. gr. laganna ákvæði um, að þeim, sem kröfu gerði í sjóðinn, væri heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskulduna. Enginn málshöfðunarfrestur sé þar tiltekinn.

Þrátt fyrir þetta hafi stefnandi skotið máli sínu til ráðherra, en kæra hans ekki fengið efnislega úrlausn. Verði stefnandi því að leita úrlausnar dómstóla um sakarefnið. Hitt sé svo annað mál, að með lögum nr. 53/1993 hafi vald til að ákvarða greiðsluskuldu sjóðsins verið fært til stjórnar hans, og geti ákvarðanir stjórnarinnar vafalaust sætt kærur á stjórnýslustigi. Þó sé það enn lagt í vald dómstóla að skera úr um greiðsluskulduna, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1993, og sé undangengin stjórnýslukæra ekki áskilin. Þegar réttarstaða stefnanda sé virt, verði að hafa í huga, að stjórnýslulög nr. 37/1993 höfðu ekki tekið gildi, þegar mál hans var afgreitt. Hafi hann því ekki notið almennra, settra reglna um meðferð mála fyrir stjórnvöldum, en ljóst sé, að grunnreglur, svo sem jafnræðisreglan, hafi verið taldar gilda í stjórnýslurétti. Það sé ekki síst með vísan til þeirrar reglu, sem stefnandi hafi uppi kröfur sínar um greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa, einkum með vísan til þess, að aðrir starfsmenn Flugfax hf., sem hafi haft svipaða stöðu og stefnandi, hafi fengið greiðslur úr sjóðnum, þar með talinn bókarí félagsins.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er krafa um sýknu aðallega reist á því, að hafi stefnandi átt einhvern rétt á greiðslu samkvæmt lögum nr. 52/1992, sé sá réttur fallinn niður fyrir tómlæti stefnanda. Nægi að vísa til þess, að stefndi hafi tekið ákvörðun um að hafna kröfu stefnanda um greiðslu úr ábyrgðasjóðnum 30. september 1992. Það sé ekki fyrr en með kærur, dags. 7. nóvember 1995, rúmlega þremur árum síðar, að stefnandi hafi mótmælt afgreiðslu stefnda og krafist endurskoðunar hennar og greiðslu. Hafi stefnandi átt í raun ein-

hverja kröfu á hendur stefnda, verði að líta svo á, að með tómlæti sínu hafi hann fyrirgert öllum rétti sínum.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu jafnframt þeirri málsástæðu, að stefnandi hafi verið framkvæmdastjóri hins gjaldþrota fyrirtækis á þeim tíma, sem krafa hans til launa hafi stofnast. Ákvörðun stefnda um höfnun greiðsluábyrgðar hafi því verið reist á lögmætum sjónarmiðum, sbr. c-lið 6. gr. þágildandi laga um Ábyrgðasjóð launa nr. 52/1992. Ákvörðun stefnda hafi verið byggð á umsögn bústjóra þrotabúsins og öðrum gögnum, sem fyrir lágu. Hafi m. a. verið horft til bréfs, dags. 21. mars 1992, sem stjórnarformaður hins gjaldþrota félags, Guðmundur Óli Guðmundsson, og einn meðstjórnenda, Ólafur Jónsson, hafi ritað skiptastjóra þrotabúsins. Þar segir m. a., að nýr framkvæmdastjóri, Bjarni Hákonarson, hafi hafið störf sem framkvæmdastjóri félagsins í apríl 1991, en hætt störfum í september sama ár. Krafa stefnanda á hendur stefnda sé vegna sama tímabils. Þar sem ekkert hafi legið fyrir í gögnum málsins að öðru leyti, sem dregið gat úr trúverðugleika þessarar yfirlýsingar, hafi ákvörðun stefnda um höfnun greiðslu verið rökrétt framhald. Ekkert nýtt hafi komið fram í máli þessu, sem eigi að leiða til breyttrar afstöðu stefnda. Því sé hafnað af hálfu stefnda, að það hafi einhver úrslitaáhrif um greiðsluábyrgð samkvæmt þágildandi lögum um Ábyrgðasjóð launa, hvort formleg tilkynning um ráðningu framkvæmdastjóra hafi verið birt og skráð hjá Hlutafélagaskrá eða ekki. Því sé enn fremur vísað á bug, að unnt sé að reisa niðurstöðu þessa máls á tveimur yfirlýsingum frá fyrri stjórnarmönnum hins gjaldþrota félags, sem dags. séu 30. október 1995, um þremur árum eftir gjaldþrot, og stangist á við fyrri yfirlýsingar þeirra um sama atriði í gögnum málsins. Þessar síðbúnu yfirlýsingar hafi bersýnilega verið gefnar til að styrkja málstað stefnanda, er hann hafi kært ákvörðun stefnda til félagsmálaráðherra viku síðar, 7. nóvember 1995.

Ef ekki verði fallist á þá málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi verið framkvæmdastjóri hins gjaldþrota félags á umræddu tímabili, er vísað til þess, að hann hafi stöðu sinnar vegna innan fyrirtækisins verið í þeirri aðstöðu, að hann hafi átt að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins, að honum mátti ekki dyljast, að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma, sem unnið var fyrir vinnulaununum, sbr. c-lið 6. gr. laga nr. 52/1992. Af hálfu stefnda er einnig vísað til skýrslu bústjóra þrotabúsins, dags. 25. júní 1992, þar sem segir, að forsvarsmenn félagsins hafi í árslok 1990 leitað til stjórnvalda um endurgreiðslu lendingargjalda að hluta. Beiðni um slíkan rekstrarstyrk verði ekki metin á annan hátt en tilgangurinn hafi verið að afstýra yfirvofandi gjaldþroti. Sé hér vísað til bréfs forsætisráðuneytis, dags. 31. maí

1991, þar sem hafnað var beiðni um að leggja fé, um það bil 25–29 milljónir, til rekstrar hins gjaldþrota félags. Það hafi því verið á ábyrgð og áhættu forsvarsmanna félagsins, þ. m. t. stefnanda, að þeir unnu áfram hjá félaginu. Einnig er vísað til þeirra orða bústjóra í sömu skýrslu, að sterk rök hnígi að því, að gefa hefði átt félagið upp til gjaldþrotaskipta löngu fyrr, þegar á árinu 1990, og þannig leitast við að takmarka tjón lánardrottna vegna gjaldþrots félagsins. Verði ekki fallist á ofangreindar málsástæður, er þess krafist af hálfu stefnda, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Ef það verði metið svo, að skilyrði c-liðar 6. gr. laga nr. 52/1992 um yfirvofandi gjaldþrot hafi ekki verið fullnægt í tilviki stefnanda fyrr en 31. júlí, er því haldið fram, að stefndi sé ekki greiðsluskyldur vegna launa stefnanda nema fyrir tímabilið 1. ágúst til loka september 1991.

IV.

Niðurstaða.

Í 6. gr. laga nr. 52/1992 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota eru tilgreindir þeir launþegar, sem geta ekki krafist sjóðinn um greiðslu krafna skv. a- til d-liðar 1. mgr. 5. gr. laganna. Eru þar tilgreindir „forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins, að þeim mátti ekki dyljast, að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma, sem unnið var fyrir vinnulaununum“.

Í skýrslu forsvarsmanna Flugfax hf., þeirra Guðmundar Óla Guðmundssonar stjórnarformanns og Ólafs Jónssonar meðstjórnanda, til skiptastjóra protabús félagsins, dags. 21. mars 1992, segir: „Nýr framkvæmdastjóri félagsins, Bjarni Hákonarson, hóf störf fyrir félagið í apríl 1991, en hætti störfum í september 1991.“ Liggur og ekki annað fyrir en launakjör stefnanda hjá félaginu á greindu starfstímabili hans hafi verið í samræmi við ráðningu hans sem framkvæmdastjóra félagsins. Vanræksla á því að tilkynna um stefnanda sem framkvæmdastjóra félagsins til Hlutafélagaskrár hafði og ekki áhrif á starfsstöðu stefnanda hjá félaginu að þessu leyti.

Kröfum stefnanda á hendur stefnda á grundvelli laga nr. 52/1992 var hafnað með bréfi stefnda, dags. 30. september 1992, eins og fram er komið. Þeirri ákvörðun var ekki skotið til félagsmálaráðherra fyrr en með kæru stefnanda, dags. 7. nóvember 1995. Þá fyrst komu fram þau sjónarmið stefnanda, sem hann byggir á í máli þessu, að hann hafi ekki í raun tekið við starfi framkvæmdastjóra hjá Flugfax hf., enda þótt það hafi staðið til. Þær málsástæður stefnanda þykja ekki vera nægilega rökstuddar, auk þess að verulegur dráttur varð á því, að þær væru settar fram.

Samkvæmt framansögðu verður litið svo á, að ákvæði c-liðar 6. gr. laga nr. 52/1992 hafi átt við um launakröfu stefnanda, og ber því að sýkna stefnda af kröfum hans í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ábyrgðasjóður launa, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarna Hákonarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
